

Minnisblað

Frá: Ragnar Guðmundsson
Dreifing: Grímsnes- og Grafningshreppur, Árborg, Flóahreppur

Efni: Rannsóknir á vatnslindum í Kaldárhöfða. Staða og næstu skref.

Inngangur

Þann 26. janúar 2023 var haldinn fundur í Ráðhúsi Árborgar varðandi samstarfsverkefni Grímsnes- og Grafningshrepps (GOGG), Árborgar og Flóahrepps vegna vatnsöflunar í Kaldárhöfða. Niðurstaða fundar var að sveitarfélögin voru sammála um að hefja tilraunaboranir árið 2023 og að kostnaðaráætlun vegna þeirra borana væri um 10-15 milljónir. Einnig var ákveðið að GOGG myndi senda erindi á Landsvirkjun vegna verkefnisins og athuga áhuga þeirra á samstarfi.

Staða

GOGG fékk ÍSOR með sér til að gera greinargerð um tilraunaboranir og rannsóknir á svæðinu sem var skilað 20. mars 2023, sjá greinargerð í viðhengi. Í kjölfarið var greinargerðin send ásamt umsókn um rannsóknarleyfi til Orkustofnunar. Fyrstu viðbrögð við þeirri umsókn bárust seinni hluta ágúst en Orkustofnun hefur hvorki tíma né mannskap til að sinna slíkum umsóknum skv. tölvupóstsamskiptum við Kristján Geirsson verkefnastjóra vatnsauðlinda hjá Orkustofnun og veit hann ekki hvenær umsóknin verður tekin fyrir. Búið er að láta Orkustofnun vita í gegnum tölvupóst að borun muni fara fram án þessara leyfisveitinga og gerðu þau engar athugasemdir við það.

Helstu punktar úr greinargerð ÍSOR eru eftirfarandi:

- Bora skal 3-5 könnununarholur frá kanti Þingvallahrauns. Holurnar verða 127-178 mm í þvermál eftir bortæki og 15-50 m djúpar. Reiknað er með fóðringu niður á 3-6 m dýpi.
- Mælingar á rennslisstraumum grunnvatns.
- Ferilefnamælingar.
- Mælingar á rennsli lindavatns.
- Heildarefnagreining vatns.
- Borun víðrar tilraunaholu og dæluprófanir út frá niðurstöðu mælinga.

Staðsetning tilraunahola má sjá á mynd 1.



Mynd 1: Fyrirhugaðar tilraunaholur.



Einnig var fengið leyfi frá Ríkiseignum og ábúanda Kaldárhöfða og vita þeir af því að borað verður á árinu og eru samþykkir því.

Búið er að funda með Landsvirkjun varðandi möguleika á aðkomu þeirra. Vatnspörf þeirra er lítil en ekki var útilokað þeir kæmu að verkefninu sem hluti nærsamfélags. Búið er að fá kostnaðaráætlun frá Eflu vegna lagnar frá Kaldárhöfða að Írafossvirkjun. Næsta skref er að GOGG sendi formlegt erindi á Landsvirkjun um kostnaðarþátttöku vegna vatnslagnar að Írafossi og er fylgiskjal vegna þess erindis í vinnslu. Gott væri að fá rýni á því skjali og erindi áður en það er formlega sent og mögulega væri sterkur leikur að öll sveitarfélögin þrjú sendi sambærilegt erindi.

Kostnaður

Búið er að fá tilboði í borun á könnunarholum frá Ræktó og má sjá það í viðhengi. Heildarupphæð fyrir 6 stk. 139,7 mm, 50 m djúpar holur með 6 m fóðringu er 7.431.100 kr. án vsk. eða 9.214.564 kr. með vsk. Ótalið er þá kostnaður við víða vinnsluholu en forsendur fyrir henni þurfa að vera á hreinu áður en hægt er að meta kostnaðinn.

Kostnaður Ísor við rannsóknir er áætlaður 4.000.000 kr.

Kostnaðaráætlun má sjá á töflu 1.

Tafla 1: Kostnaðaráætlun.

Lýsing	Eining	Fjöldi	Einingarverð	Samtals
Borun	Heild	1	9.300.000	9.300.000
Rannsóknir	Heild	1	4.000.000	4.000.000
Ótalið og ófyrirséð 30%				3.990.000

Samtals: 17.290.000

Kostnaður á sveitarfélag: 5.763.333

Næstu skref

Næstu skref eru að sveitarstjórnir taki fyrir kostnaðaráætlun verksins og samþykki þátttöku. GOGG verður verkkaupi og mun gera upp verkið á árinu. Möguleiki er á að hluti kostnaðar falli á næsta ár og þarf að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlunargerð.

Ragnar Guðmundsson